

Mál nr. 208/2015
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar A.

Vinnuslys. Öryggishlífar. Eigin sök þ. 26.9.2013.

Gögn.

1. Málskot móttækið þ. 29.5.2015 ásamt fylgiskjölum 1-21
2. Bréf V dags.25.6.2015 ásamt fylgiskjölum 1-2

Málsatvik.

M segir að hann hafi verið að skipta um mót í vél og notað til þess báðar hendur og hafi læsipinni á vélinni náð að spenna þumalfingurinn á M fastan, en hann náð að losa sig. Bent er á að öryggishlífar sem hefðu átt að vera þar sem læsipinninn sé hafi ekki verið til staðar í umrætt sinn og hafi M ekki vitað af því að þær hefðu verið fjarlægðar og slysið hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlits ríkisins. M segist lítið hafa unnið við mótaskipti á umræddri vél eins og hann hafi gert í umrætt sinn. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V og segir að ástand vélarinnar sem M vann við hafi verið vanbúin þá hafi ekki verið tilkynnt um slysið til Vinnueftirlits og beri vátryggingartaki hallan af því. Af hálfu M er vísað til laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglna setta með stoð í þeim lögum einkum reglugerð nr. 367/2006 og 492/1987. Í ljósi þeirra reglna sem gildi telur M að aðstæður á vinnustað hafi verið óforsvaranlegar. V hafnar bótaskyldu og segir að M hafi starfað hjá A í rúm 10 ár þegar slysið varð og hafi náð 1.stigi vélstjóramenntunar og verið vaktstjóri þegar slysið varð. Þá segir V að M hafi verið vel kunnugur þeirri vél sem um ræðir og m.a. kennt nýjum starfsmönnum á hana. V segir að á vélinni sjálfri sé merki sem vari við klemmihættu og hverjum þeim sem skipti um mótin sé ljóst hvort að öryggishlífin sé til staðar eða ekki. Þá segir V að það hafi staðið M næst að sjá til þess sem vaktstjóra að öryggishlíf væri á vélinni sem og annar búnaður með fullnægjandi og forsvaranlegum hætti á vinnustaðnum.

Álit.

Ágreiningslaust er að búið var að fjarlægja öryggishlífar af vélinni sem M vann við, en óheimilt er að fjarlægja öryggishlífar af vélum. Ekki verður annað séð en að orsakatengsl séu milli þess að öryggishlífar voru fjarlægðar og þess og hvernig slys M bar að. Þrátt fyrir að M beri ábyrgð sem vaktstjóri, þá ber atvinnurekandi jafnan ábyrgð á því að öryggisbúnaður sé fyrir hendi og í lagi. Málið var ekki rannsakað af hálfu Vinnueftirlits eða vinnuveitandans strax eftir slysið. Miðað við aðstæður og gögn málsins verður því að leggja frásögn M af atburðinum til grundvallar. Starfsmaðurinn sem vann við vélina sem um ræðir var nýhættur og A gerði engar ráðstafanir til að setja öryggishlífar vélarinnar upp aftur. Aðstæður á vinnustað voru ekki forsvaranlegar þar sem öryggishlífar vantaði. M á því rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V. Þegar litið er til þess hve lengi M hafði unnið á umræddum vinnustað, reynslu hans, þekkingar hans á aðstæðum á vinnustað og af vélinni sem um ræðir og þess að honum mátti vera ljóst að öryggishlífar voru ekki á vélinni áður en hann byrjaði að vinna við hana þegar slysið varð, þykir M hafa sýnt af sér stórkostlegt gáleysi sbr. 23.gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993 og þykir því rétt að hann beri þriðjung tjóns síns sjálfur.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V, en ber þriðjung tjónsins sjálfur vegna eigin sakar.

Reykjavík 3.7.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.